

Föstudaginn 6. september 1940.

Nr. 6/1940. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna Kristófers Jónssonar**
 gegn
Útvegsbændafélagi Keflavíkurhrepps vegna Sigurbjörns Eyjólfssonar, og Sigurbirni Eyjólfssyni persónulega.

Ráðningarsamningur milli útgerðarmanns og sjómanns ógiltur, þar sem hann var talinn brjóta í bág við kjara-samning milli félags útvegsbænda og sjómanna, en aðiljar ráðningarsamningsins voru meðlimir þeirra félaga.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 18. júní þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna Kristófers Jónssonar gegn Útvegsbændafélagi Keflavíkurhrepps vegna Sigurbjörns Eyjólfssonar og gegn Sigurbirni sjálfum, án þess að útvegsbændafélaginu sé þar stefnt fyrir hans hönd. Eru dómkröfur stefnanda hér fyrir dómi á hendur útvegsbændafélaginu vegna Sigurbjörns Eyjólfssonar þær, að ógiltur verði samningur milli Kristófers og Sigurbjörns, dags. 26. janúar 1940, um sölu á aflahlut Kristófers af bátnum Goðafoss G. K. 498. En kröfur stefnanda beint á hendur Sigurbirni eru þær, að hann verði dæmdur til að greiða Kristófer það fyrir aflahlutinn, sem útgerð m/b Goðafoss hafi fengið fyrir hann. Þá krefst stefnandi málskostnaðar af stefnda eftir mati réttarins.

Stefndi, útvegsbændafélagið vegna Sigurbjörns, hefir krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en stefndi Sigurbjörn krefst aðallega frávisunar, en til vara sýknu, að því er varðar kröfur þær, sem eingöngu er beint að honum án þess að félagi hans sé stefnt fyrir hans hönd. Loks krefjast stefndu málskostnaðar af stefnanda eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, sem hér greinir:

Í ársbyrjun 1938, eða 4. janúar þess árs, gerðu aðiljar máls þessa, útvegsbændafélagið og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, samning sín á milli um kaup og kjör. Var samn-

ingur þessi í þremur þáttum. Fjallaði einn hluti hans um hlutaskipti, annar hluti hans um kjarategund þá, er kölluð er „premia“, þ. e. tiltekin greiðsla til hvers sjómanns fyrir hvert skippund fisks, og þriðji hluti hans um almennt kaupgjald. Var aðiljum frjálst val um það, hver þessara ráðningartegunda væri notuð, og mun það hafa orðið svo í framkvæmdinni, að sjómenn í Keflavík voru yfirleitt ráðnir upp á „premiu“.

Í 4. gr. laga nr. 10. frá 4. apríl 1939, er kveðið svo á, að sjómenn geti krafizt þess að vera ráðnir upp á hlutaskipti, og skuli þá gilda um þau þær reglur, er áður hafi verið farið eftir á viðkomandi útgerðarstað, nema samkomulag verði um annan hlutaskiptagrundvöll. Á fundi í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur 29. nóv. 1939 var samþykkt að notfæra sér nefnda heimild og meðlimum félagsins óheimilað að ráða sig í skiprúm upp á önnur kjör en hlutaskipti, og skyldi þá farið eftir framangreindum samningi frá 4. janúar 1938. Var útvegsbændafélaginu tilkynnt þessi samþykkt. Það félag vildi í fyrstu ekki kannast við, að verkalýðs- og sjómannafélaginu væri heimilt að krefjast hlutaskipta, en með bréfi, dags. 17. janúar 1940, tilkynnti það verkalýðs- og sjómannafélaginu, að það (útvegsbændafélagið) liti svo á, að samþykkt verklýðsfélagsins frá 29. nóv. 1939 væri lögmat. Áður hafði útvegsbændafélagið reynt að fá hlutaskiptunum breytt frá því, sem ákveðið var 4. jan. 1938, en verkalýðs- og sjómannafélagið neitaði öllum breytingum og hélt fast við samþykktina frá 29. nóv. f. á.

Hinn 13. janúar þ. á. skrifar Sigurbjörn Eyjólfsson Kristófer Jónssyni. Segir hann í bréfi þessu, að gert hafi verið ráð fyrir þeirra í milli, að Kristófer starfaði við bát hans, en með því að kjör þau, sem verklýðsfélagið heimti, séu honum svo óhagstæð, þá sjái hann sér ekki fært að gera bát sinn út á komandi vertíð samkvæmt þeim. Hins vegar býður hann Kristófer upp á að ráða hann gegn premíu eða 27 staða hlutaskiptum í stað 24, sem kveðið er á um í samningnum frá 4. jan. 1938. Lýkur Sigurbjörn bréfi sínu með því, að sjái Kristófer sér ekki fært að ráða sig upp á önnur hvor þessi kjör, megi hann ráða sig hjá öðrum. Hinn 26. s. m. gera þeir samning sín á milli, sem þeir kalla að fjalli um sölu á aflahlut Kristófers, og hinn 30. s. m. er Kristófer skráður á bát Sigurbjörns, m/b Goðafoss G. K. 498, og eru

kjörin, eftir því sem stendur í skipshafnarskránni, samkvæmt hlutaskiptasamningnum frá 4. janúar 1938.

Hinn 4. febrúar þ. á. ritar verkalýðs- og sjómannafélagið útvegsbændafélaginu. Segist það hafa komið að því, að sumir útgerðarmenn hafi gert sérsamninga við sjómenn, sem fari í bága við hlutaskiptasamninginn frá 4. janúar 1938 og séu jafnframt brot á 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Krefst verkalýðsfélagið leiðréttingar á þessu. Útgerðarmannafélagið mun ekki hafa svarað bréfi þessu, og kveður stefnandi, að verkalýðsfélagið hafi haldið, að þessir sérsamningar mundu látnir falla niður og telur að sú hafi orðið raunin á í ýmsum tilfellum. Síðar hafi þó verkalýðsfélagið komið að því, að farið væri eftir sérsamningnum hjá einstaka útgerðarmanni. Ritari það Alþýðusambandi Íslands um málið 11. maí s. l., og var mál þetta síðan höfðað svo sem að framan greinir og í því gerðar framangreindar kröfur.

Stefnandi hefir haldið því fram í málinu, að samningur sá, er þeir gerðu, Sigurbjörn og Kristófer, 26. janúar s. l., brjótir algerlega í bág við hlutaskiptasamninginn frá 4. janúar 1938, því að samningurinn frá 26. janúar sé raunverulega ekki um sölu á aflahlut Kristófers, heldur sé þar um hreinan „premíusamning“ að ræða, þar sem Kristófer fái tiltekna fjárhæð af hverju skippundi fisks, er veiðist. Hér sé því verið að sniðganga gerða samninga við verkalýðsfélagið, en það hafi einmitt lagt ríka áherzlu á, að fylgt væri nákvæmlega hlutaskiptafyrirkomulaginu og einstökum atriðum í nefndum samningi frá 4. janúar 1938. Þá sé og með þessu verið að sniðganga og gera að engu rétt þann, er sjómenn hafa samkvæmt 4. gr. laga nr. 10 frá 4. apríl 1939, til þess að krefjast hlutaskipta, og einmitt hafi verið veittur þeim til hagsbóta. Þá beri og Kristófer minna úr bítum samkvæmt samningi sínum við Sigurbjörn heldur en hann hefði fengið, ef farið hefði verið að öllu eftir reglum hlutaskiptasamningsins. Telur stefnandi þannig, að nefndur sérsamningur brjótir svo í bág við hlutaskiptasamninginn, að ógilda beri hinn fyrrnefnda samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Stefndi hefir hins vegar haldið því fram, að sérsamningur þeirra Kristófers og Sigurbjörns sé aðeins samningur um sölu á afla, sem ekki brjótir á neinn hátt í bág við hluta-

skiptasamninginn frá 4. janúar 1938, en sé í alla staði löglegur.

Hlutaskiptasamningurinn frá 4. janúar 1938 er allýtarlegur. Er þar tekið fram, hvað af útgerðarkostnaði skuli greiðast af óskiptum afla og um hámark hluta. Þá eru ýms ákvæði, er miða að því, að tryggja sjómönnum sem lægstan útgerðarkostnað, svo sem um sildarverð, salt og olíu, og önnur, er miða að því, að tryggja þeim gangverð fyrir afurðirnar, t. d. ákvæði um sölu lifrar og nýs fisks „til ísunar, flökunar, herzlu, eða til Reykjavíkur (bæjarmarkaður)“. Er meginstefna samningsins sú, að sjómaðurinn taki fullan þátt í kostnaði útgerðarinnar, en hafi hins vegar alla möguleika til þess að njóta góðs af því verði, sem sjávarafurðir seljast á hverjum tíma.

Samkvæmt samningi þeirra Sigurbjörns og Kristófers selur Kristófer aflahlut sinn úr hverju skippundi fisks, sem aflast á m/b Goðafoss á s. l. vetrarvertíð, fyrir kr. 2.20 pr. skpd., hvort heldur um saltfisk, fisk upp úr sjó eða innanífarinn er að ræða, en mismunandi magn af fiski er lagt í skpd. eftir því í hvaða ástandi fiskurinn er. Þá tekur Sigurbjörn að sér að greiða allan þann kostnað við útgerð bátsins, sem takast skyldi af óskiptu samkvæmt hlutaskiptasamningnum. Afstaða Kristófers til útgerðar bátsins verður því sú, að allur útgerðarkostnaður er honum óviðkomandi, og afurðaverð snertir hann ekki, heldur á hann að fá visst verð fyrir hvert skippund, eða verður með samningi þessum nákvæmlega eins settur og væri hann ráðinn upp á premíu. Er ekki hægt að líta öðruvísi á samning þennan en sem tilraun til þess að fara í kringum hlutaskiptasamninginn. Með honum er sniðgengið höfuðatriðið í samningum verklyðs- og sjómannafélagsins og útvegshændafélagsins, hlutaráðningarfyrirkomulagið, sem sjómannafélagið virðist hafa lagt höfuðáherzluna á, enda er sjómönnum veittur sérstakur réttur til þess fyrirkomulags með 4. gr. laga nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu o. fl. Eftir því, sem upplýst er í málinu, hefur Sigurbjörn greitt Kristófer nokkru hærri premíu pr. skippund en gert er ráð fyrir í samningi þeirra frá 26. jan. þ. á. En eigi að síður hefði Kristófer, ef miðað er við yfirlit yfir hlutaskipti á m/b Goðafossi á vetrarvertíðinni 1940, sem Sigurbjörn hefir gert og lagt hefir verið fram í málinu, borið

ca. 300 kr. meira úr bítum, ef fylgt hefði verið í öllu hlutaskiptasamningnum, heldur en hann fékk samkvæmt sérsamningnum, að viðbættu því, sem Sigurbjörn greiddi til viðbótar.

Að framangreindu athuguðu verður að telja, að samningur þeirra Sigurbjörns og Kristófers brjóti í bág við hlutaskiptasamning þann, er Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og Útvegsbændafélag Keflavíkur gerðu með sér 4. janúar 1938. Og þar sem Kristófer var meðlimur sjómannafélagsins, var hann að þessu leyti bundinn við gerða samninga félagsins og samþykktir og var því óheimilt, án þess samþykkis, að gera samning við Sigurbjörn, sem braut í bág við margnefndan hlutaráðningarsamning, sem Sigurbjörn var og bundinn við sem meðlimur útvegsbændafélagsins. Ber því samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938 að taka til greina þá kröfu stefnanda, að sérsamningur þeirra Kristófers og Sigurbjörns, dags. 26. jan. 1940, skuli teljast ógildur, og skulu skipti þeirra, að því er varðar vetrarvertíðina 1940 fara eftir oftnefndum hlutaráðningarsamningi, dags. 4. jan. 1938.

Kemur þá til athgunar sú krafa stefnanda á hendur Sigurbirni, að hann verði dæmdur til þess að greiða Kristófer það fyrir aflahlutann, sem útgerð m/b Goðafoss hafi fyrir hann fengið, er hann var seldur. Hefir Sigurbjörn, eins og áður segir, aðallega krafizt frávisunar á kröfunni, en til vara sýknu. Krafa þessi, sem stafar af vinnusambandi Kristófers og Sigurbjörns og lýtur að reikningsskilum þeirra á milli, er ekki þess eðlis, að talið verði að úrlausn hennar heyri undir úrskurð félagsdóms eins og verkefni hans eru skilgreind í 44. gr. laga nr. 80/1938, og ber því að vísa kröfu þessari frá dómi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst 125 kr.

Dví dæmist rétt vera:

Framangreindur samningur milli Kristófers Jónssonar og Sigurbjörns Eyjólfssonar, dags. 26. janúar 1940, skal vera ógildur, og skulu ráðningarkjör nefnds Kristófers á m/b Goðafossi G. K. 498 vetrarvertíðina 1940 fara eftir framangreindum samningi um hlutaskipti, dags. 4. janúar 1938.

Kröfu stefnanda á hendur Sigurbirni Eyjólfsyni persónulega er vísað frá dómi.

Stefndi, Útvegsbændafélag Keflavíkurhrepps vegna Sigurbjörns Eyjólfssonar, greiði stefnandanum, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur vegna Kristófers Jónssonar, kr. 125.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. október 1940.

Nr. 7/1940. Anton Proppe f. h. h/f Dofri á Þingeyri
gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélagsins
Brynju á Þingeyri og gagnsök.

Mál út af því, hvort vinna við hraðfrystingu fisks falli undir kaupákvæði kjarasamnings um ishúsvinnu. Það ekki talið brot á 9. gr. laga nr. 80/1938, að atvinnurekandi viðurkenndi tvo af meðlimum verklýðsfélags sem trúnaðarmenn þess, þótt félagið hefði aðeins farið fram á að einn væri viðurkenndur sem trúnaðarmaður.

Dómur.

I. Aðalsök.

Hinn 20. jan. 1939 var undirritaður kjarasamningur milli atvinnurekenda á Þingeyri og verklýðsfélagsins Brynju þar á staðnum. Er 2. gr. samnings þessa svohljóðandi: „Við upp- og ofansetningu skipa, hafnarvinnu, ishúsvinnu, ístöku greiðist 10 aurum herra kaup á klukkustund heldur en í eyrarvinnu“. Þegar samningur þessi var gerður, var ekki um aðra ishúsvinnu að ræða en frystingu á hvalkjöti, sem flutt var til Þingeyrar frá Tálknafirði, og var greitt fyrir vinnu þessa skv. nefndri 2. gr. Í janúarmánuði s. l. hóf h/f Dofri á Þingeyri hraðfrystingu á fiski á Þingeyri, en áður en til þess kæmi, ritaði hann verklýðsfélaginu bréf, þar sem hann spurðist fyrir um skilning þess á því, undir hvaða ákvæði kjarasamningsins það teldi, að vinna við hraðfrystingu fisks ætti að falla, og lýsti þeirri skoðun sinni, að ekki væri ástæða til þess, að flokka þessa vinnu öðruvísi en eyrarvinnu og aðra slíka vinnu. Verklýðsfélagið svaraði þessu litlu síðar og